

29. ágúst 1985

641

Nr. 342

REGLUGERÐ

um takmarkanir á veiðum smábáta 2. september 1985
til 31. desember 1985.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 2. september 1985 til 31. desember 1985 eru fiskveiðar, aðrar en síldveiðar, báta undir 10 brl. bannaðar eftirgreind tímabil:

- A. Frá og með 21. september til og með 3. október.
- B. Frá og með 25. október til og með 31. október.
- C. Frá og með 16. nóvember til og með 31. desember.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með áorðnum breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með áorðnum breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi 3. gr. reglugerðar nr. 210 20. maí 1985 um takmarkanir á veiðum smábáta 24. maí til 30. desember 1985 og bann við netaveiðum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. ágúst 1985.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.